

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
starfsskýrsla skólaárið 2008-2009

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður safnsins og Steinunn Óskarsdóttir og eru þær báðar í fullu starfi. Stöðugildi við safnið eru 2.0.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og á föstudögum 8:00-15.00. Opnunartími safnsins er 41 klst. á viku.

Kennsla hefst á morgnana kl. 8:20 og lýkur kl. 15:55 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:50.

Útlán:

Útlán safngagna eru að hluta til tölvuvædd og eru færð í útlánaþátt Gegnis. Útlán á því safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis (ekki komið inn í aðalgrunninn) eru handfærð í ákveðna bók. Tímaritin eru almennt ekki lánuð út, nema í tengslum við verkefnavinnu nemenda og til kennara. Útlán tímarita eru skráð í sérstaka bók í afgreiðslu. Einnig eru útlán starfsmanna skólans utan opnunartíma bókasafnsins færð í sömu bók. Lán innan skólans, þ.e. skammtímalán á orðabókum og kennslubókum eru handfærð og talin eftir hvern dag.

Safnefni er einnig lánað út á svokallað bundið lán. Þá er safnefni „fest“ inni á safni og ekki lánað út, gert er ráð fyrir að nemendur vinni að verkefnum á safninu, ýmist í kennslustundum eða í eyðum. Með þessu móti er unnt að tryggja aðgang nemenda að efni og mikilvægt er að kennarar láti vita af væntanlegum verkefnum í tæka tíð. Þetta safnefni er skráð á viðkomandi kennslustofu í útlán.

<u>ÚTLÁN:</u>	<u>HAUST 2008</u>	<u>VOR 2009</u>	<u>SAMTALS:</u>
Í TÖLVU	1387	1337	2724
Í BÓK	374	303	677
INNAN SKÓLANS	4234	4371	8605
SAMTALS:	5995	6011	12006

Útlán hafa aukist lítillega frá fyrra skólaári, voru þá alls 11925 en eru nú 12006. Ýmsar vísbendingar eru um að nemendur noti nú netið í auknum mæli við heimildaöflun og leiti því ekki eins mikið í bóklegar heimildir. Reynt hefur verið að leggja áherslu á að þeir styðjist við a.m.k. eina útgefna heimild.

Útlán í tölvu eru nú 2724 og hefur fjölgað frá fyrra ári en voru þá 2263. Útlán í bók eru 677, heldur færri en í fyrra en voru þá 927. Útlán innan skólans eru svipuð og fyrri ár, þ.e. útlán á orðabókum og kennslubókum.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 110 á skólaárinu, en voru á fyrra skólaári alls 175. Fjöldi millisafnalána er breytilegur milli skólaára og fer eftir þörf notenda fyrir safnefni sem ekki er að finna á bókasafni FSu. Mikið var fengið að láni frá Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi og frá Skólaskrifstofu Suðurlands. Auk þess var fengið efni að láni frá bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu.

<u>Millisafnalán frá:</u>	<u>Haustönn 2008</u>	<u>Vorönn 2009</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur frá söfnum	6	39	45
Myndbönd og mynddiskar frá söfnum	13	31	44
Hljóðbækur	5		5
Geisladiskar frá söfnum		2	2
<u>SAMTALS:</u>	<u>24</u>	<u>72</u>	<u>96</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	<u>Haustönn 2008</u>	<u>Vorönn 2009</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur til safna	6	5	11
Myndbönd og mynddiskar til safna	2	1	3
<u>SAMTALS:</u>	<u>8</u>	<u>6</u>	<u>14</u>

Samstarf við önnur söfn:

Mikið samstarf er við önnur bókasöfn á Suðurlandi, mest við Bókasafn Árborgar. Mikið er fengið að láni frá þeim í millisafnalánnum og samráð haft um ýmis mál. T.d. naut bókasafn FSu góðrar aðstoðar þegar byrjað var að tengja tímarit inn í Gegni á skólaárinu.

Um þessar mundir stendur yfir vinna við útgáfu á lestrardagbók sem er samstarfsverkefni nokkurra sunnlenskra bókasafna. Um er að ræða 2. útgáfu bókarinnar en hún kom fyrst út haustið 2006 í tengslum við landsfund Upplýsingar sem haldinn var á Selfossi og seldist fljótt upp. Styrkur til verkefnisins fékkst frá Menningarráði Suðurlands og er ætlunin að dreifa bókinni gjaldfrítt til nemenda í 7. bekk í grunnskólum á Suðurlandi. Einnig verður bókinn til sölu í almenningsbókasöfnum um allt land. Í dagbókina eru skrifaðar hugleiðingar og athugasemdir um lesnar bækur, og vonandi hvetur hún unga sem aldna til frekari lesturs og um leið meiri notkunar á bókasöfnum. Bókasafn FSu tekur þátt í þessu verkefni ásamt Bókasafni Árborgar, Bókasafni Ölfuss, Bókasafninu í Hveragerði og Héraðsbókasafni Rangæinga.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hvorrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin hafa þá tekið frá bækur á listunum og sett þær á styttri útlánstíma.

Bókasöfn framhaldsskólanna starfa mikið saman og hafa samráð um ýmis hagsmunamál. Fundir eru haldnir þrisvar til fjórum sinnum á skólaárinu, virk skoðanaskipti og samstarf fara einnig fram á póstlistanum frh-bok.

Gegni:

Gegni er samskrá íslenskra bókasafna og markmið kerfisins er að tryggja aðgang að safnkosti bókasafna.

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands tók Gegni í notkun sumarið 2006. Þann 26. maí það ár var formlega hætt að skrá nýtt efni í Metrabók og bókfræðifærslur sendar í yfirfærslu til Ásmundar Eiríkssonar, sem á sínum tíma hannaði Metrabókina. Yfirfærslan tókst vonum framar, um 45% af öllum skráningarfærslunum fóru yfir. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í bókasafnskerfinu Metrabók þegar yfirfærslan átti sér stað. Af þeim fjölda tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem eru lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna.

Þau söfn sem notuðu bókasafnskerfið Metrabók og fóru í sameiginlega yfirfærslu sumarið 2006 hafa frá þeim tíma unnið að því í sameiningu að fara yfir færslurnar, lagfæra þær eftir þörfum og flytja þær yfir í aðalgrunninn.

Nú í júní 2009 eru 4.200 færslur frá bókasafni FSu í hliðargrunninum en þær voru 5.558 fyrir ári síðan. Vinna við yfirfærsluna er tímafrek og mikið nákvæmnisverk en unnið er að henni jafnt og þétt samhliða öðrum störfum.

Bókfræðifærslunum í umræddum hliðargrunni má skipta í tvo hluta. Í fyrsta lagi færslur sem eiga sér samsvörun í aðalgrunni Gegnis, en tókst ekki að færa yfir. Aðferðin við að færa þannig færslur yfir er að hliðargrunnsfærslan er afrituð og límd yfir í færsluna í aðalgrunninum og allar eintakaupplýsingar fylgja með. Í öðru lagi eru færslur sem eiga sér enga samsvörun í Gegni, þær þarf að yfirfara og leiðrétta eftir þörfum, athuga hvort þær séu ekki í réttum skráningarsviðum o.s.frv. áður en hægt er að færa þær yfir. Allar upplýsingar um eintakastöðu, þ.e. strikamerki og staðsetningu fylgja færslunni yfir í aðalgrunninn.

Útlánþáttur Gegnis var tekinn í notkun í ágúst 2007. Forstöðumaður sótti námskeið í kerfiskeyrslum vorið 2008 og starfsmenn hafa náð góðum tókum á að prenta út vanskilalista, lista yfir útistandandi safnefni og aðfangalista. Enn sem áður þarf safnið að biðja sérstaklega um rúkkunarskrár og útprentun á rúkkunarmiðum.

Allt nýtt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni, þó eru kvikmyndir á mynddiskum ennþá skráðar í Metrabók. Um síðustu áramót var byrjað að tengja aðföng tímarita inn í Gegni, þ.e. setja á þau strikamerki. Nú er því ekkert til fyrirstöðu að hefja útlán tímarita í Gegni.

Metrabókin er aðgengileg á heimasíðu bókasafnsins og verður það væntanlega áfram þar til meginhluti safnkostsins verður kominn yfir í Gegni.

Á árinu 2008 var heildarkostnaður við þátttöku í Gegni kr. 281.616 eða kr. 23.468 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins. Virðisaukinn er 24,5% og fær skólinn hann endurgreiddan. Kostnaður per. nemanda á ári, ef miðað er við 950 nemendur, er því kr. 296 eða um 25 krónur á mánuði.

Gagnasöfn:

Íslendingar hafa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefsíðunni <http://www.hvar.is>. Alls eru um 14.000 tímaritatitlar í boði.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn, á árinu 2008 greiddi FSu kr. 74.127. Greitt er fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum: Britannica, Ebsco-Host-söfn, Grove Art, Grove Music, Greinasafn Morgunblaðsins, ProQuest 5000 og Web of Science.

Í landsaðganginum er boðið upp að opinn aðgang að Gagnasafni Morgunblaðsins að undanskildu efni síðustu þriggja ára. Bókasöfn framhaldsskólanna náðu hagstæðum samningi við gagnasafn Mbl.is varðandi aðgang að **öllu** gagnasafninu, þ.e. líka efni þriggja síðustu ára. Nú greiðir FSu kr. 4.980 á mánuði fyrir opinn aðgang í öllum tölvum skólans með svonefndri lénsáskrift í gegnum IP-tölu. Einnig fær safnið eitt pappírseintak af Morgunblaðinu.

Orðabækur á netinu njóta vaxandi vinsælda nemenda og kennara. Veforðabækur hjá Snöru hafa verið gjaldfríar skólum, þarna er að finna orðabækur og önnur uppflettirit. Kaupþing banki hf. hefur á undanföllum árum greitt aðgang fyrir framhaldsskólanna en hætti því snemma árs 2008. Menntamálaráðuneytið hljóp undir bagga og greiddi aðgang á liðnu skólaári. Óvíst er með framhald þar á.

Doktor.is, gagnasafn um heilbrigðismál og sjúkdóma hefur verið opið sl. vetur í tölvum sem tengdar eru tölvuneti skólans. Skólavefurinn var opinn í febrúar fyrir fornámsnemendur í íslensku.

Safnkennsla:

Nemendur í LKN 106 koma í safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (80 mín.) og er stutt kynning á safninu og safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Kennar eru leitir í ýmsum gagnasöfnum, svo sem í Gegni, Metravef, gagnasafni Morgunblaðsins, Britannicu og einnig leitir almennt á netinu. Í lok tímans vinna nemendur verkefni á bókasafni sem miðar að því að þjálf þá í að nota bókasafnskerfi, leita að safngögnum og staðsetningu þeirra á safninu.

Einnig er haldnar safnkynningar fyrir nemendur í NÁT 123, þar er megináhersla lögð á að kynna nemendum ýmis gagnasöfn, erlend og innlend, sem nýtast þeim í náminu. Nemendur vinna svo verkefni í heimildaöflun sem gildir til einkunnar í lotunni. Á vorönn fengu nemendur verkefnið inn í Angel og var mun skemmtilegra og fljótlegra að fara yfir það og gefa einkunn fyrir.

Íslenskukennarar hafa verið iðnir við að óska eftir safnkynningum. Á liðnu skólaári voru haldnar stuttar kynningar fyrir nemendur í ÍSL 212 og ÍSL 203. Nemendur í meistarakóla fengu einnig safnkynningu og aðstoð við heimildaöflun fyrir íslenskuritgerð. Þeim voru kynntar helstu upplýsingaleiðir og gagnasöfn sem nýtast þeim við skrif heimildaritgerða. Einnig fengu nemendur í ÍSL 503 fræðslu um hvernig þeir gætu nálgast umsagnir og umfjöllun um ákveðin skáldverk og rithöfunda. Almennt eru nemendur jákvæðir og áhugasamir.

Ahyggjuefni er hversu mikið nemendur nýta sér heimildir af netinu, oft án þess að meta þær með gagnrýnu hugarfari. Efla þarf upplýsingalæsi nemenda og sporna gegn ritstuldi (plagiarism) af netinu. Setja þarf fram það skilyrði að nemendur noti að jafnaði

eina til tvær prentaðar heimildir, þ.e. útgefnar á prenti. Jafnvel þyrfti að gera þá kröfu að þeir vinni fyrst með prentaðar heimildir og noti síðan netheimildir.

Til að safnkynningar skili árangri verður að fylgja þeim eftir með markvissri verkefnavinnu og heimildaleit á bókasafni. Nemendur öðlast þá öryggi í að leita á safninu og sjá einnig tilgang með því að gera það.

Skráning:

Skráning safnkosts og frágangur hans er stór liður í starfi safnsins. Lögð er rík áhersla á að skrá nýtt safnefni jafnóðum og það berst. Eldra safnefni er skráð eftir því sem tími vinnst til svo og bókagjafir frá ýmsum aðilum.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að 115 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Einnig á safnið mörg eldri tímarit sem hætt hefur verið útgáfu á. Eldri tímaritin eru í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins.

Öll tímarit í eigu safnsins voru tölvuskráð í Metrabók en í ársbyrjun 2009 var byrjað að skrá aðföng tímarita í Gegni.

Aðföng og skráning 2008-2009:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2008</u>	<u>Vorönn 2009</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	227	178	405
Myndbönd	1		1
Mynddiskar (DVD)	37	16	53
Geisladiskar	2	4	6
Margmiðl.diskar	1	1	2
Hljóðbækur	11	10	21
Spil/leikjakassar			
Glærur			
<u>SAMTALS</u>	<u>279</u>	<u>209</u>	<u>488</u>

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Júní 2008</u>	<u>Afskrifað 2008-2009</u>	<u>Aðföng 2008-2009</u>	<u>Júní 2009</u>
<u>BÆKUR</u>	15.464	351	405	15.518
<u>MYNDBÖND</u>	453	28	1	426
<u>DVD</u>	258		53	311
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	144		6	150
<u>SNÆLDUR</u>	215	3		212
<u>MARGM.DISKAR</u>	141	5	2	138
<u>TÖLVUDISKL.</u>	3	2		1
<u>SKYGGNUR</u>	13			13
<u>FORRIT</u>	9			9
<u>GLÆRUR</u>	22			22
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	13			13
<u>GAGNASETT</u>	1			1
<u>KORT</u>	24			24
<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	72	4	21	89
<u>SAMTALS</u>	<u>16.962</u>	<u>393</u>	<u>488</u>	<u>17.057</u>

Gjafir:

Veturinn 2008-2009 bárust bókasafninu margar góðar gjafir frá einstaklingum og gestum skólans. Munar þar mest um gjafir frá kínverska sendiráðinu sem sýndi mikið örlæti. Tengist það heimsókn nemenda FSu til Kína í október sl. Alls voru skráðar 107 bækur, einn geisladiskur, níu mynddiskar og sjö hljóðbækur. Öllum þessum velunnurum safnsins eru færðar bestu þakkir. Mikilvægt er að taka við gjöfum kvaðalaust og að safnið áskilji sér rétt til ráðstöfunar á gjafaefni eins og hentar hverju sinni.

Rekstrarkostnaður 2008:

Bækur	546.782
Tímarit og blöð	314.750
Deildareintök	62.954
Myndbönd og mynddiskar	101.486
Gagnasöfn (Landsaðgangur að gagnasöfnum, Gagnasafn Mbl.)	116.531
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	281.616
Húsgögn (teikningaskápur)	64.805
Borðtölva í afgreiðslu	32.175
Ljósmyndaskanni	16.288
Auglýsingastyrkur v/Skinfaxa	18.675

Fundagjöld (Landsfundur Upplýsingar & SUD50)	27.364
Ritföng, pappír, bréfabindi og bókaplast	99.609
Viðgerðir og plöstun á safnefni	3.627
Opinber gjöld – sýslumaðurinn á Selfossi	3.546
Dráttarvextir	513
Samtals	1.690.721

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 13 tölvur, skanni, skrifari, litaprentari, tveir laserprentarar, tvöfalt segulbandstæki til afritunar, segulbandstæki fyrir tungumálaverkefni, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Í kjallara er einnig litaprentari en í honum er hægt að prenta á geisladiska, auk venjulegrar prentvinnslu.

Útrentanir nemenda eru gríðarmiklar á safninu. Á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl voru prentuð út 52.000 blöð. Leita þarf leiða til að draga úr útrentun.

Ljósritunarvél í eigu TRS sem lengi hefur verið í miðrymi bilaði snemma á haustönn og var úrskurðuð ónýtt. Um áramótin var gömul ljósritunarvél frá skólanum sett á stigapallinn framan við afgreiðslu bókasafns. Leitað var eftir kaupum á kortavél sem hægt væri að tengja við ljósritunarvélina en lítil svör komu frá sölumönnum. Því var ákveðið að nemendur myndu greiða 15 krónur fyrir hvert ljósritað blað.

Tölva í kjallaranum er ekki nettengd og verða nemendur að vista gögn sín á minnislykil og fara með hann í nettengda tölvu til að prenta út gögn. Þessi tölva er með skrifara og DVD drifi og tengd við litaprentara. Allflestir kennarar lesa nú próf sín inn á lítið stafrænt upptökutæki (diktafón) og bókaverðir sjá svo um að afrita upptökur yfir minnislykla.

Nýr skanni af gerðinni Canon (Cano Scan 4400F) var keyptur í nóvember og leysti af hólmi gamlan og hæggingan skanna.

Á skólaárinu var byrjað að færa efni af gömlum snældum yfir á rafrænt form og skrifa yfir á geisladiska. Notað er forritið Audacity, ókeypis forrit þar sem hægt er taka upp hljóð og vista sem MP3- eða wave-skrá. Þetta er nokkuð seinlegt, sérstaklega ef mikið þarf að klippa til afritunina, t.d. að gera sératriði fyrir hvert lag eða hvern kafla.

Tvær tölvur eru staðsettar við miðrymi og eru þær aðallega ætlaðar til heimildaleita á neti en nemendur nota þær einnig við verkefnavinnu þegar aðrar tölvur eru uppteknar.

Alls eru ellefu tölvur sem nemendur geta notað til heimildaöflunar og verkefnavinnu ef talin er með tölva tengd við skanna í kjallara. Nemendatölvur bókasafnsins voru uppfærðar haustið 2007, sett í þær stærra vinnsluminni og betri sendar en þær eru allar á þráðlausu neti. Sem lið í spamaði var ákveðið að taka af safninu þrjár fartölvur sem nemendum stóð til boða.

Nemendur koma mikið á safnið með sínar eigin fartölvur og nota þær við verkefnavinnu. Aðstaða til að hlaða tölvur er í öllum lesbásam á neðri hæðinni.

Forstöðumaður er með fartölvu af gerðinni HP Compaq nx6325 með XP stýrikerfi, fékk hana til notkunar í desember 2006. Tölva í afgreiðslu af gerðinni ACE er nýleg, var tekin í notkun í apríl 2008.

Lokið var við breytingar á vinnuaðstöðu forstöðumanns á skólaárinu. Settur var glerveggur með samskonar rimlaverki og var fyrir. Lágri bókahillu var bætt við í hillurými safnsins, hún stendur næst afgreiðslu og er mikil prýði að henni.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsníðuð á sínum tíma.

Loks er vert að geta þess að í nóvember 2007 í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar fékk safnið til varðveislu stiga nokkurn. Stigi þessi er nákvæm eftirlíking af stiganum í St. Pederstræde 140 í Kaupmannahöfn, en í honum fótbrotnaði Jónas aðfaranótt 21. maí 1845 og lést nokkrum dögum síðar. Hugmyndin að gerð stigans fæddist hjá Lárusi Bragasyni, sögukennara við FSu og fékk hann listasmiðinn Svan Ingvarsson til að smíða gripinn. Í stiganum voru settar upp nokkrar sýningar á liðnu skólaári, íslenskt handverk og hönnun í nóvember, jólasýning í desember, sýning sem tengdist lönguföstu (bolluvendir, saltkjötspottur og baunir o.fl.) í febrúar og sýningu í tilefni páska og vorkomu í apríl. Stiginn góði hefur því svo sannarlega verið til heilla og ánægju á bókasafni Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettir litaprentari og laserprentari. Laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3005x er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er góð aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp með úrklippum úr blöðum, ýmsum bæklingum og skjölum. Núna eru aðallega settir bæklingar og ýmislegt upplýsingaefni í úrklippusafnið, en minna af blaðaúrklippum eftir að safnið gerðist áskrifandi að gagnasafni Morgunblaðsins. Í þessu vinnurými eru einnig geymd myndbönd safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni og eru þær lánaðar til nemenda í skamman tíma. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu. Í kjallara er aðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni.

Gólfteppi á safninu er orðið illa slitið og liggur undir skemmdum eftir viðvarandi vatnsleka. Það er orðið mjög knýjandi að skipt verði um gólfefni og fengið nýtt í staðinn sem er um leið þægilegt í þrifum og hljóðeinangrandi.

Fundur, námskeið og ráðstefnur:

Forstöðumaður sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru að jafnaði vikulega.

Aðildarsöfn Gegnis á Suðurlandi, í stjórnunareiningunni SUD50, héldu gagnlegan fund á Selfossi í september 2008. Þar kynnti Elín fundargestum ýmsar leiðir við safnkynningar og safnfræðslu í Gegni. Elín var valin varafulltrúi stjórnunareiningarinnar SUD50 en aðalfulltrúi hennar er Margrét Gísladóttir, Bókasafni Grindavíkur. Ákveðið var að stofna til póstlista á gmail, og voru sú sem þetta ritar valin til þess verks auk Barböru Guðnadóttur, Bókasafni Ölfuss og Björgu Erlingsdóttur, Menningarmiðstöð

Hornafjarðar. Póstlistinn sud50@googlegroups.com var myndaður og hefur bætt til muna upplýsingastreymi um hvað eina er tengist Gegni.

Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum voru þrjár talsins á skólaárinu. Þeir voru haldnir í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 3. nóvember, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 16. desember og Menntaskólanum að Laugarvatni 18. maí. Forstöðumaður komst ekki á fundinn í FG en sótti hina tvo fundina. Þessir fundir eru einkar gagnlegir, þar eru rædd ýmis málefni er varða hag skólasafna í framhaldsskólum, svo sem Gegni, landskerfi bókasafna, upplýsingalæsi, kjaramál, aðgang að gagnasöfnum og margt fleira.

Elín og Steinunn sóttu landsfund Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða var haldinn í Flensborg í Hafnarfirði dagana 10.-11. október. Yfirskrift fundarins var „Í takt við tímann.“ Erindi landsfundarins voru af ýmsum toga, ríkjandi stefnur í hönnun bókasafna, bókasöfn sem kennileiti í borgum víða um heim, framtíðarsýn Gegnis, Kristín Marja Baldursdóttir fjallaði um tilurð bókana Karitas og Óreiða á striga, fjallað var samskipti við viðskiptavini bókasafna, kynningarmál bókasafna, upplýsingaleikni á skólasöfnum, rafbækur, rafræn tímarit, hvar.is og svo var farið á fund álfanna í Hamrinum í Hafnarfirði. Ljóst er að allar góðar vættir vaka yfir bókasöfnum landsins.

Elín sótti námskeið í skráningu og efnisorðagjöf í Gegni sem haldið var í Þjóðarbókhöllu þann 5. nóvember. Tveimur vikum síðar, 18. nóvember fór Steinunn á námskeið í ýmsum þáttum Gegnis sem haldið var í Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi fyrir aðildarsöfn Gegnis í stjórnunareiningunni SUD50. Eftir áramótin fór Elín á skráningarnámskeið í Gegni dagana 25.-26. febrúar og á fræðslufund skrásetjara Gegnis 21. apríl. Mikilvægt er að sækja vel þau námskeið sem í boði eru fyrir notendur Gegnis.

Elín gegnir formennsku í valnefnd um bestu fræðibók ársins fyrir fullorðna en þessi nefnd starfar á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða. Fyrir valinu varð Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2006 undir ritstjórn Lofts Guttormssonar, útgefandi er Háskólaútgáfan. Viðurkenningin var veitt við hátíðlega athöfn á aðalfundi Upplýsingar 21. apríl sl. í Þjóðarbókhöllu.

Lokaorð:

Starfsemi bókasafnsins var með miklum ágætum á liðnu skólaári. Safnið er mikið notað af nemendum og kennurum í dagsins önn, ýmist til heimildavinnu, lesturs, útprentunar á verkefnum, eða bara til afþreyingar. Starfsmenn safnsins leggja mikla áherslu á að safnið sé notalegur staður þar sem fólki finnst gott að koma, ýmist til vinnu eða næðis. Kennarar eru í góðu samstarfi og láta yfirleitt vita af fyrirhuguðum verkefnum.

Ljóst er að harðna mun á dalnum á næstunni hvað varðar innkaup á safnefni. Nú þegar hefur tímaritaáskriftum verið fækkað og leitað er frekari leiða til sparnaðar. Mikilvægt er þó að slá ekki af kröfum til safnsins og metnaði til að byggja upp góðan safnkost. Bókasafn FSu er skólasafn og því ber fyrst og fremst að þjóna nemendum skólans og starfsfólki. Með öflugum safnkosti í takt við þarfir notenda ætti það að vera í stakk búið til að takast á við breytta tíma.

Selfossi 5. júní 2009

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands